

FUNDARGERÐ

1. eigendafundur Strætó bs. var haldinn mánudaginn 2. september 2013 kl. 10:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9. Kópavogi.

Mæting:

Fulltrúar eigenda:

Dagur B. Eggertsson, Reykjavíkurborg (skv. umboði)
Haraldur Sverrisson, Mosfellsbæ
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Hafnarfirði
Ármann Kr. Ólafsson, Kópavogi
Ásgerður Halldórsdóttir, Seltjarnarnesi.

Frá Strætó bs:

Reynir Jónsson framkvæmdastjóri Strætó bs.
Hörður Gíslason, Strætó bs.
Ástríður Þórðardóttir, Strætó bs.
Einar Örn Benediktsson frá Reykjavík, stjórnarformaður Strætó bs.
Gunnar Axel Axelsson, Hafnarfirði
Gunnar I Birgisson, Kópavogi
Bryndís Haraldsdóttir, Mosfellsbæ
Sturlaugur Þorsteinsson, Garðabæ

Ennfremur sátu fundinn Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Dagur B. Eggertsson stjórnaði fundi í fjarveru Gunnars Einarssonar, stjórnarformanns SSH og fulltrúa Garðabæjar.

Tilfni fundarins var yfirferð vegna fjárhagsáætlunar Strætó bs. fyrir árið 2014, sbr. grein 5.2.5 í eigendastefnu byggðasamlagsins.

Þetta gerðist:

DBE bauð fundarmenn velkomna á þennan fyrsta eigendafund Strætó bs. , lagði fram umboð sitt til setu á fundinum í fjarveru borgarstjórans í Reykjavík, og lýsti fundinn löglegan þar sem boðað hafði verið til hans í samræmi við ákvæði í eigendastefnu Strætó bs.

Síðan var gengið til dagskrár:

1. mál. Fjárhagsáætlun Strætó bs. 2014 – meginforsendur.

Fyrir lá tillaga eigendavettvangs að meginforsendum vegna fjárhagsáætlunar Strætó bs. . Jafnframt lá fyrir tillaga að fjárhagsáætlun Strætó bs. dags. 14. ágúst sem stjórn Strætó hafði vísað til umfjöllunar á þessum fundi.

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar fór yfir tillögu eigendavettvangs:

1. Ytri forsendur:

Í þjóðhagsspá er vísitala neysluverðs birt sem breyting á milli ára, en vegna áætlunar um þróun lána og fjármagnskostnaðar er nauðsynlegt að vinna með breytingu á vísitölu neysluverðs innan árs, sem er að finna í eftirfarandi töflu ásamt breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára og breytingu á gengisvísitölu:

Helstu forsendur í %	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Vísitala neysluverðs (milli ára)	5,2	3,5	3,0	2,5	2,5	2,5	2,5
Vísitala neysluverðs (innan ársins)	4,2	2,6	5,0				
Gengisvísitala	2,4	-0,6	0,6	0,2	0,0	0,0	0,0

2. Forsendur um gjaldskrárbreytingar:

Við ákvörðun gjaldskrár ber að leggja til grundvallar samkomulag eigenda og Strætó bs. um viðmið.

3. Forsendur um framlög eigenda:

Miðað er við óbreyttan samning varðandi framlög eigenda.

4. Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64 greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skulu í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærri fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

5. Forsendur um fjárfestingar og lántökur

Gert er ráð fyrir að fjárfestingaráætlun Strætó bs. skv. fyrirliggjandi áætlun um endurnýjun strætisvagna gangi eftir á næstu fimm árum. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði fjármagnað a.m.k. til helminga með veltufé frá rekstri (og að hluta með sérstökum framlögum eigenda. Þannig gera fjárfestingaráformin og hraðinn í þessari uppbyggingu kröfur um afkomu. Áætlun um lántökur skal að hámarki miðast við skuldareglu skv. 64 grein sveitarstjórnarlaga.

6. Samningur við ríki um almenningssamgöngur:

Við fjárhagsáætlunargerðina ber að taka tillit til samnings sveitarfélaganna við ríkið um almenningssamgöngur.

Umræður.

Rætt var um nokkra þætti framangreindra meginforsendna, en þó einkum um forsendur í fyrirliggjandi tillögu stjórnar Strætó bs. um gjaldskrá og fargjaldahækkun og mögulegt svigrúm til minni hækkana í ljósi minni viðhaldsþarfar í kjölfar endurnýjunar á vögnum á þessu og næsta ári.

Niðurstaða:

- a) Fundurinn samþykkir framlagða tillögu eigendavettvangs um meginforsendur fjárhagsáætlunar Strætó bs. Við lokaumfjöllun stjórnar verði kannað betur hvort forsendur eru til að endurmeta fyrirbyggjandi tillögu um gjaldskrárhækkun í samræmi við ábendingar og umræður á fundinum.

2. mál. Endurskoðun á stofnsamþykktum Strætó bs.

Rætt var um endurskoðun á stofnsamþykktum Strætó bs. í samræmi við bráðabirgðaákvæði í eigendstefnu byggðasamlagsins.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra SSH falið að setja í gang vinnu við þessa endurskoðun.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 11:20

Páll Guðjónsson.